

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Á sumrin
(1. maí til 1. september)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 22
13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 24

Foreldrar og forráðamenn hafa fullan rétt til að stytta þessa tíma. Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum og mega börn ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

Tómstundir í Dalabyggð

Haut 2009



Upplýsingarit um tómstundastarf í Dalabyggð haust 2009

Kæru börn og foreldrar.

Í byrjun september kom sú hugmynd upp að kalla saman þá aðila sem vilja og hafa boðið upp á íþrótt- og æskulýðsstarf í sveitarfélaginu. Eins var leitað eftir fólki með nýjungar. Haldinn var fundur sem var vel sóttur. Þar var ákveðið að vinna bækling með heildrænni dagskrá yfir tómstundastarfið sem er í boði haustið 2009. Hugmyndin er að senda út annan bækling fyrir vorönn 2010 í janúar byrjun.



Það er til fyrirmyndar hvað margt er í boði hér í Dalabyggð og það er ánægjulegt að sjá hvað starf félaga á svæðinu, og einstaklingsframtakið, er gott. Fjölbreytileikinn er mikill og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Eins og fram kemur hér í bæklingnum þá eru t.d. námskeið í hverri viku fram að jólum, önnur eru aðra hverja viku og enn önnur eru yfir styttra tímabil.

Það er von okkar að það komi sér vel að hafa framboðið á einum stað og að þetta skili sér í góðri þátttöku hjá börnunum okkar.

F. h. Dalabyggðar og tómstundafólks í sveitarfélaginu.
Svala Svavarsdóttir
formaður fræðslunefndar.

Tómstundastarf Dalabyggð sept - des 2009					
Tími	Sunnud.	Mánud.	Þriðjud.	Miðvikud.	Fimmtud.
11:00 12:00	Sunnudags- skóli				
13:45 14:15					Barnakór
14:30 15:00				Kirkjuskóli	
15:00 15:30				Tjarnarlundi	Skátafundur
15:30 16:00			Badminton	Fótbolti	Skátafundur
16:00 16:30			Badminton	Fótbolti	Skátafundur
16:30 17:00					Skátafundur
17:00 17:30		Reið- námskeið		Badminton	Glímuæfing
17:30 18:00		Tími gæti breyst		Badminton	Glímuæfing
18:00 18:30					Unglingastarf
18:30 19:00					á vegum
19:00 19:30					Auðarskóla
19:30 20:00			Björgunar- sveitin	Lífið er söngleikur	Búðardal
20:00 20:30			Björgunar- sveitin	Lífið er söngleikur	og
20:30 21:00			Björgunar- sveitin	Lífið er söngleikur	Tjarnarlundi

-Námskeiðin eru ekki alltaf yfir allt tímabilið október - desember
sjá dagsetningar við hvert námskeið.

-Námskeiðin sem eru aðra hverja viku eru rauðletruð.

-Unglingastarf á vegum Auðarskóla er óreglulegt með misjöfnum
tímasetningum en er á fimmtudögum þegar það er.

Barnakór

Aldurshópur: börn fædd 2001-2004

Barnakór hefur verið stofnaður á vegum tónlistardeildar Auðarskóla. Tilgangurinn er fyrst og fremst til gamans auk þess sem þau þjálfast í að fara eftir fyrirmælum, þjálfu einbeitingu, tilfinningu fyrir hrynn, samhæfingu og ýmislegt fleira. Börnin hafa frjálst val um hvort þau vilji vera með eða ekki. Það er þó ekki ætlast til þess að börnin séu stundum með og stundum ekki.

Við komum til með að syngja létt og skemmtileg lög en jafnframt fá börnin að taka þátt í lagavali að einhverju marki. Þátttaka er börnunum að kostnaðarlausu og fara æfingar fram í stofu 4.



Kjörorð okkar er „Það er gaman að syngja saman“

Umsjónamaður: Íris Björg Guðbjartsdóttir.

Hvenær: Fimmtudag frá kl. 13:45 – 14:15.

Tímabil: Frá 2. október fram að jólafríi.

Hvar: Stofa 4 í Auðarskóla, grunnskóladeild Búðardal.

Verð: Ókeypis á vegum tónlistardeildar Auðarskóla.

Skráning: Íris Björg Guðbjartsdóttir, s: 434-1133, email: irisbjorg@dalir.is

Efnisyfirlit:

Knattspyrna - Æskan og Ólafur Pái	4
Badmintonfélag Dalamanna	5
Glímufélag Dalamanna	6
Hestamannafélagið Glaður	7
Unglingastarf - Björgunarsveitin Ósk	7
Skátafélagið Stígandi	8-9
Unglingastarf - Auðarskóli.....	10
Laugafjör - UDN.....	11
Sunnudagaskóli	12
Kirkjuskóli - Tjarnarlundur	12
Lífið er söngleikur.....	13
Barnakór - Tónlistardeild Auðarskóla.....	14
Stundatafla - samantekt	15

Útgefandi: Dalabyggð

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Svala Svavarsdóttir

Umsjón, hönnun og útlit: Svala Svavarsdóttir

Ljósmyndir: Ýmsir (Sigríður Leifsdóttir, Auðarskóli, Dalabyggð o.fl.)

Knattspyrna - Æskan og Ólafur Pái

Aldurshópur: 2. – 6. bekkur

Boðið verður upp á knattspyrnuæfingar í vetur á vegum ungmennafélaganna Æskunnar og Óla Pá. Farið verður á mót næsta sumar, spilaðir æfingaleikir við nágrannasveitarfélögin og safnað fyrir slíkum ferðalögum. Nákvæm dagskrá yfir vetrarstarfið verður kynnt síðar.

Helstu markmið og leiðir:

- Aðaláhersla verður á þjálfun tæknilegrar færni ásamt spili.
- Einföld leikfræðileg atriði kynnt.
- Þjálfun mun fela í sér þol, kraft og liðleikaæfingar.
- Æfingar verða fjölpættar og skemmtilegar.
- Háttvísi og íþróttamannsleg framkoma kennd.
- Áhersla skal lögð á að allir fái tækifæri til að vera með óháð getu.



Ætlunin er að vera einnig með knattspyrnuæfingar fyrir eldri hópinn, 7. - 10. bekk. Ennþá vantar þjálfara og er verið að vinna að því. Auglýst síðar

Þjálfari: Svala Svavarsdóttir

Hvenær: miðvikudaga frá kl. 15:30 – 16:30.

Tímabil: 30. september til 16. desember

Hvar: Sparkvöllur Búðardal

Verð: Æfingagjaldið er 5.000 kr. (systkinaafsláttur 1.000 kr.)

Skráning: Svala Svavarsdóttir, s: 861-4466, email: budardalur@simnet.is

Lífið er söngleikur

Aldurshópur: 8.-9. og 10. bekkur

Námskeið fyrir unglinga í 8. 9. og 10. bekk, þar sem farið verður yfir ýmis atriði í leiklist, söng, tjáningu og annarri framkomulist. Fundir og æfingar verða 6 talsins og enda svo á sýningu þar sem þátttakendur námskeiðsins koma fram.

Umsjónarmenn og þjálfarar: Íris Björg Guðbjartsdóttir og Katrín Lilja Ólafsdóttir, en stefnan er tekin á að fá a.m.k. einn fagaðila á sviði leiklistar til að kenna eina kvöldstund.

Hvenær: miðvikudaga frá kl. 19.30 - 21.30.

Tímabil: 7. október - 18. nóvember.

Hvar: auglýst síðar.

Verð: auglýst síðar, en reynt verður að stilla því í hóf.

Skráning: Katrín, sími: 847-0847, email: trinafina@hotmail.com eða Íris, sími: 699-6171, email: irisbjorg@dalir.is



Sunnudagaskóli

Aldurshópur: Allir velkomnir

Barnastarf fyrir börn í fyrstu bekkjum grunnskólans, á leikskólaaldri og alla sem vilja taka þátt. Foreldrar, systkini, afar og ömmur sérstaklega velkomin með. Boðið er upp á sögur, söng, brúðu-, bænastund og stundum í "djús og dund".

Umsjónamenn: Íris Björg Guðbjartsdóttir og séra Óskar Ingi Ingason.

Hvenær: sunnudaga frá kl. 11:00 – 12:00.

Tímabil: 4. október til 20. desember.

Hvar: óákveðið, nánar auglýst síðar.

Verð: Ókeypis.

Skráning: Þarf ekki að skrá, bara mæta.



Kirkjuskóli - Tjarnarlundi

Aldurshópur 1. - 7. bekkur Tjarnarlundi

Barnastarf fyrir krakka í 1. - 7. bekk. Elína Hrund Kristjánsdóttir prestur á Reykhólum kemur í Tjarnarlund í viðverutíma nemenda og er með sögu-, söng- og bænastundir.

Umsjónamaður: Séra Elína Hrund Kristjánsdóttir.

Hvenær: annan hvern miðvikudag kl. 14.30.

Tímabil: 7. október - 16. desember.

Hvar: Tjarnarlundi.

Badmintonfélag Dalamanna

Aldurshópur: 3. – 10. bekkur

Badmintonæfingar verða með hefðbundnu sniði og undanfarin ár. Æfingartímar verða eins og áður á þriðjudögum og miðvikudögum. Hægt er að æfa 1 sinni eða 2var í viku. Þeir sem æfa 1 sinni í viku æfa á þriðjudögum.

Undanfarin ár hafa nokkrir krakkar/unglingar tekið þátt í mótum hjá Aftureldingu í Mosfellsbæ, BH í Kaplakrika, Þór í Þorlákshöfn og á Sparisjóðsmótinu í Keflavík. Þetta hafa verið mjög skemmtilegar ferðir og góður árangur náðst.

Það þarf að tilgreina hvort þau ætli:

- bara æfa og hafa gaman
- eða æfa og taka þátt í þeim mótum sem standa til boða í vetur.



Badminton er skemmtileg íþrótt sem allir geta stundað !

Þjálfari: Jörgen Nilsson

Hvenær: þriðjudaga kl. 15:30 - 16:30 og miðvikudaga 17:00 - 18:00.

Tímabil: 16. september - 2. desember.

Hvar: Laugum

Verð: 5.000 kr. einu sinni í viku - 9.500 kr. tvisvar í viku.

Skráning: Jörgen Nilsson s: 863-1260, email: jniceman69@hotmail.com

Glímufélag Dalamanna

Aldurshópur: 1. - 10. bekkur

Glímufélagið býður upp á glímuæfingar í vetur eins og undanfarin ár. Dalamenn hafa verið gríðarlega sigursælir í glímu á landsvísu á liðnum árum. Það er ekki úr vegi að við Dalamenn höldum áfram að þjálfar upp stórstjörnur í þessari þjóðaríþrótt okkar Íslendinga.



KOMDU FAGNANDI Í GLÍMU

Þjálfari: Jóhann Pálmason

Hvenær: fimmtudaga kl. 17:00-18:00.

Tímabil: 1. október - 17. desember

Hvar: Dalabúð

Verð: Ókeypis

Skráning: Þarf ekki að skrá, bara mæta.

Laugafjör - UDN

Aldurshópur: 5. - 10. bekkur

Laugafjör köllum við þegar börn og unglingar safnast saman að Laugum í Sælingsdal við leik.

Undanfarið hafa börnin gisti 1 nótt að Laugum og hefur verið dagskrá frá kl. 16 á föstudegi til hádegis á laugadegi og reynt hefur verið að hafa sem fjölbreyttasta dagskrá.

Á Laugafjör mæta börn úr Dalabyggð og Reykhólasveit, það hafa verið börn frá 5. bekk og upp úr.

Af hverju höldum við Laugafjör

- Við finnum þörf hjá börnunum til að vera saman við leik lengur en þau eiga möguleika á annars.
- Á Laugafjöri mæta börn frá Reykhólahreppi og Dalabyggð, þannig að stærri hópar eru í hverjum árgangi og sem gefur meiri möguleika.
- Á Laugafjöri er samverustundir barna mun meiri í hlutfalli við aksturstíma en í öðru tómstundastarfi.

Möguleikar Laugafjör

- Laugafjör þarf ekki að byggjast í kringum gistingu þó mörgum finnist það spennandi, það getur tekið frá 4 klst. til 48 klst.
- Allar íþróttagreinar rúmast innan hugmyndafræði Laugafjörins.
- Flest félagsstarf barna og unglinga rúmast inn á Laugafjöri.
- Íþróttamót sem félög eða skóla halda rúmast inn á Laugafjöri.
- Laugafjör getur nýst skólum, í leik eða starfi.
- Laugafjör getur verið sér fyrir unglinga eða sér fyrir yngri nemendur, almennt er talið að unglingar hafi meiri þörf fyrir félagslíf.

Í ár verður Laugafjör á Reykhólum og er dagsett helgina 13. -14.nóv (fös-lau) ekki er kominn dagskrá eða ljóst hvort það verður gisti.

NÁNAR AUGLÝST SÍÐAR

Unglingastarf - Auðarskóli

Aldurshópur: 8. - 10. bekkur

Félagsstarfið í Auðarskóla verður með hefðbundnu sniði í vetur en nú mun samstarf skólans í Búðardal og í Tjarnarlundi verða meira en venja hefur verið enda skólarnir búnir að sameinast undir einu nafni. Videokvöld og diskótek verða á sínum stað ásamt Kaffihúsakvöldi og fleiru.

Í nemendaráði í Búðardal eru Gunnlaug Birta, Hafþór Sævar, Magnús Bjarki, Sunna Sól og Gunnar. Í nemendaráði í Tjarnarlundi eru Elísabet Ásdís, Tryggvi, Kristinn, Jósep Friðrik, Hlynur, Tómas.

Þessir krakkar munu skipuleggja félagsstarfið og brydda upp á nýjungum í vetur.



Unglingastarfið verður eftirtalda daga:

Fimmtudaginn 1. október
Fimmtudaginn 8. október
Fimmtudaginn 22. október
Fimmtudaginn 5. nóvember
Fimmtudaginn 19. nóvember
Fimmtudaginn 3. desember
Fimmtudaginn 10. desember

Umsjónamenn: Búðardal: Hildur Ýr Harðardóttir og Stefán Dal
Tjarnarlundi: Herdís Rósa Reynisdóttir

Hvenær: Ofangreinda fimmtudaga, á ýmsum tímum allt frá 18 - 23.

Tímabil: 1. október - 10. desember.

Hvar: Í félagsaðstöðu unglinganna í skólunum og fleiri stöðum.

Hestamannafélagið Glaður

Aldurshópur: 1. - 10. bekkur

Glaður verður með reiðnámskeið í vetur. Námskeiðið verður 1 x í viku og mun byrja í desember. Þá mun hefjast bókleg kennsla og eftir áramót byrja verklegir tímar í reiðhöllinni.

Reiðkennari: Skjöldur Orri Skjaldarson

Námskeiðið verður nánar auglýst síðar.



Björgunarsveitin Ósk

Aldurshópur: 8. - 10. bekkur

Unglingastarf Björgunarsveitarinnar verður á dagskrá í vetur eins og venja er. Farið yfir helstu störf sem björgunarsveitarmaður þarf að fást við.

Umsjónarmaður: Gísli Björn Rúnarsson

Hvenær: Þriðjudaga kl. 19:30 - 21:00.

Tímabil: 7. október - 15. desember

Hvar: Björgunarsveitarhúsið

Verð: Ókeypís en það þarf að safna pening

Skráning: Skráning á fyrsta fundi þann 7. október



Skátafélagið Stígandi

Aldurshópur: 3. – 10. bekkur

Skátafundir eru haldnir aðra hverja viku, oftast í aðstöðu okkar í Dalabúð. Fundir geta verið haldnir að Laugum eða annarsstaðar í Dalabyggð. Óskað er eftir að foreldrar leggi skátafélaginu lið í vetur og gerðar hafa verið “foreldravaktir”. Skátafélagið gerir ráð fyrir að einn frá hverju heimili skrái sig einu sinni á vakt.



Eftirtaldir sveitir starfa hjá skátafélaginu:

Drekaskátar: 3.-4.bekkur. Þéttbýlið í borg og bæ. Drekaskátar læra að þekkja umhverfi sitt, hættur í daglegu lífi og rétt viðbrögð við þeim. Áhersla á ævintýrið, hjálpsemina, glaðværðina og umgengni við náttúruna.

Foringjar eru Katrín og Berglind

Fálkaskátar: 5.-7.bekkur. Láglandið-tjaldbúðin. Hér fær ævintýraþráin frekari útrás og nýjar slóðir kannaðar. Í fjölbreyttum verkefnum er lögð áhersla á útilífið ásamt félagslyndi, hópefli, samvinnu og hreyfingu.

Foringi er Helga Elínborg

Dróttskátar: 8.-10.bekkur. Heiðin og fyrstu kynni af fjallamennsku. Sjálfstæðið eykst og verkefnið verða meira ögrandi. Nefna má gönguferðir, næturleiki, útiöldun og frumraun í fjallamennsku—allt í hópi jafningja sem marka leiðina saman. **Foringi er Anna Margrét**

Umsjónamenn: Foringjar nefndir í texta hér að ofan.

Hvenær: Annan hvern fimmtudag frá kl. 15:10 – 17:00.

Tímabil: 17. september til 26. nóvember. (nákvæm dagskrá afhent á fyrsta fundi)

Hvar: Oftast í Dalabúð (kemur fram í dagskrá).

Verð: Félagsgjaldið er 5.000 kr. (systkinaafsláttur 1.000 kr.)

Skráning: Anna Margrét sími: 861-2660, email: laugar@umfi.is

Heimasíða: dalaskatar.blogcentral.is

